

Heilabilunarráðgjöf á hjúkrunarheimili



Hulda Sveinsdóttir

Deild hjúkrunarfræðinga við Eyjafjörð er hluti af Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga sem á 100 ára afmæli í ár. Af þessu tilefni hafa hinir ýmsu hjúkrunarfræðingar í Eyjafirði skrifað greinar sem fjalla um þá og þau fjölbreyttu störf sem þeir inna af hendi í samfélaginu okkar.

Ég heiti Hulda Sveinsdóttir og starfa sem heilabilunarráðgjafi á Öldrunarheimilum Akureyrar og útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur frá Danmörku 1994. Áður hafði ég lært tannfræði og starfað bæði í Danmörku og á Íslandi.

Hjúkrunarfræðin heillaði mig og þeir miklu möguleikar sem starfið biður upp enda um breytt fagsvið að ræða og ákvað ég því að hefja nám að nýju.

Allan minn starfsferil hef ég lagt mikla áherslu á endurmenntun við hæfi og hef tekið margvísleg styttri námskeið. Að auki lauk ég starfstengdu stjórnunarnámi 2002, diplóma í stjórnun 2015 og

20 eininga námskeiði í taugasál- og þroskafræði 2017.

Frá því ég útskrifaðist 1994 hef ég starfað sem hjúkrunarfræðingur á Íslandi og í Danmörku, inni á sjúkrahúsum, skólaheilsugæslu, heimahjúkrun og sem forstöðumaður á hjúkrunarheimilum. Undanfarin ár starfaði ég sem heilabilunarráðgjafi í dönsku sveitarfélagi eða þar til ég flutti aftur til Íslands í byrjun árs 2018.

Um miðjan september 2018 tók ég til starfa sem heilabilunarráðgjafi á Öldrunarheimilum Akureyrar, þau eru fyrst heimila á landinu til að ráða til sín heilabilunarráðgjafa eftir því sem ég best veit. Starfið er eins og gefur að skilja í þróun og felast í því spennandi tækifæri sem vonandi mun verða öðrum heimilum innspýting, því talið er að um 80 % íbúa á hjúkrunarheimilum séu með einhverskonar heilabilun.

Hjúkrunarfræðin hefur alltaf heillað mig sérstaklega vegna þess hversu breytt fagsviðið er og tækifærin fjölmörg, auk þess sem mér finnst gott að geta látið gott af mér leiða.

Eins og áður segir er gaman að vera í starfi sem er í þróun, það kallar á að maður þroskist sjálfur og sér tilbúin til að læra nýtt og það hefur alltaf hentað mér vel og því spennandi að vera hluti af góðum starfsmannahópi innan Öldrunarheimila Akureyrar því þar ríkir mikil framsýni.

Eitt af okkar fyrstu sameiginlegu verkefnum var að bjóða upp á námskeið í formi aðstandendaskóla fyrir maka og fullorðin börn einstaklinga með heilabilun. Nú þegar er komin biðlisti fyrir næsta námskeið sem fyrirhugað er að hefjist snemma næstkomandi haust.

Annað spennandi verkefni sem ég tek þátt í er svokallað lífssöguverkefni sem verið er að innleiða á næstunni og tengist Eden hugmyndafræðinni, sem Öldrunarheimili Akureyrar hafa innleitt. Eden hugmyndafræðin leggur áherslu á sjö meginþætti sem skipta máli fyrir vellíðan fólks, svokallaðir vellíðunarlyklar og verður virkilega spennandi að fylgja því eftir, því hvað er betra en ánægðir íbúar og notendur og heimili sem iðar af lífi.

Síðan má nefna tilraunar og þróunarverkefni í Austurhlíð þar sem boðið verður upp á sveigjanlega dagþjálfun og rýmri opnunartíma, þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Eins og áður segir er um nýtt starf að ræða og því bara spennandi tímar framundan.

Hlutverk heilabilunarráðgjafa er ekki nýtt á nálinni í Danmörku og hafa heilabilunarráðgjafar verið starfandi síðan um 1992 þar sem einnig hefur verið boðið upp á sérstætt nám. Heilabilunarráðgjafar gegna lykilhlutverki í öllum dönskum sveitarfélögum áhersla er á ráðgjöf, fræðslu og stuðning, fyrir fólk með heilabilun og aðstandendur strax frá upphafi greiningar. Auk þess sinna þeir fræðslu til starfsfólks innan kerfa heilbrigðis og félags þjónustu, sjálfboðaliða og starfsfólk í hinum ýmsu þjónustugeirum, því heilabilun varðar okkur öll.

Það eru spennandi tímar framundan í Íslensku þjóðfélagi og þó svo að góðir hlutir gerist gjarnan hægt er full ástæða til bjartsýni. Framundan er myndum heilabilunarstefnu, Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur falið Jóni Snædal öldrunarlækni að móta drög að stefnu í málefnum fólks með heilabilun. Í þeirri vinnu verður lögð áhersla á þverfaglegt samstarf þjónustuveitenda og á samráð við sjúklingahópinn og aðstandendur fólks með heilabilun.

Vonandi skilar sú vinna sér um landið allt, því stuðningur við fólkið hefur oft á tíðum verið háður búsetu og það er ekki í lagi.

Ég sé fyrir mér að innan skamms verði boðið upp á stuðning og ráðgjöf í heimahúsi á Akureyrarsvæðinu við fólk með heilabilun og aðstandendur þeirra og að sú þjónusta verði í boði strax við greiningu.

Það felast mörg tækifæri innan hjúkrunar enda um mörg svið að ræða.

Ég sé fyrir mér að kerfin innan heilbrigðisþjónustunnar starfi betur saman í framtíðinni, að þær hindranir sem núverandi aðgreining biður upp á megi fjarlægja og að hægt verði að skapa betri samfellu og flæði á milli kerfa. Öll heilbrigðisumdæmi á landinu bjóði upp á markvissan stuðning og ráðgjöf við hæfi fyrir fólk með heilabilun og aðstandendur þeirra. Það mætti t.d. gera með því að heilbrigðisumdæmin ráði til sín heilabilunarráðgjafa sem verði tengiliður og eins konar talsmaður fólksins strax við upphaf greiningar og að boðið verði upp á mismunandi fræðslu og stuðningshópa fyrir fólk með heilabilun og aðstandendur, ásamt marvissri fræðslu fyrir starfsfólk og síðast en ekki síst að allt samfélagið láti sig málið varða. Vinveitt samfélag gerir fólki með heilabilun kleift að lifa í samfélagi sem skilur þeirra vanda, mætir þeim af virðingu og aðstoðar eftir þörfum.

Fjölbreytnin er án efa það sem er skemmtilegasta við starfið, því eins og áður segir það felast óteljandi möguleikar í starfi hjúkrunarfræðings bæði innanlands sem utan.

Eftir 20 ár verð ég orðin lífeyrirsþegi og vonandi við góða heilsu. Þá vil ég vinna að ati við sjálfboðaliðastörf og ekki síst í þágu fólks með heilabilun jafnvel sem heimsóknarvinur að danskri fyrirmynd. Þar hefur félag eldri borgara stofnað hóp sem sérhæfir sig í heimsóknum og félagslegum stuðningi við fólk með heilabilun.